

Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð**Sendandi:** Fjármála- og áhættustýringarsvið, Eignaskrifstofa**Útboð nr. 16146 - Öryggisgæsla fyrir Reykjavíkurborg**

Framangreint útboð var auglýst á EES og innanlands þann 16. apríl 2025 og var útboðslýsing birt strax í kjölfarið þann sama dag. Enginn viðauki var sendur út á tilboðstíma. Tilboð voru opnuð þann 19. maí 2025.

Tveir aðilar sendu inn tilboð:

Bjóðandi	Fjárhæð tilboða	Fjárhæð eftir yfirferð
Securitas hf.	109.787.545 kr	109.857.625 kr
Öryggismiðstöð Íslands hf.	110.667.005 kr	110.667.005 kr

Forsendur fyrir vali tilboðs voru eftirfarandi, sbr. kafla 0.7 í útboðslýsingu:

Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli lægsta verðs.

Skrifstofa fjármálapjónustu og ráðgjafar hefur yfirfarið tilboðið sem barst frá Securitas hf. m.t.t. til krafna um fjárhagslegt hæfi og hefur staðfest að Securitas hf. uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Kaupandi hefur einnig yfirfarið tilboðið frá Securitas hf. og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Í tilboði Securitas var eitt af einingaverðunum sett fram með aukum, sem við yfirferð var jafnað upp í heila krónutölu og skýrir það mismun á fjárhæð tilboðs og fjárhæð eftir yfirferð, en hefur ekki áhrif á niðurstöðuna sem slíka.

Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur til að gengið verði að tilboði Securitas hf. að fjárhæð 109.857.625 kr. með vsk., enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er hagkvæmasta tilboð á grundvelli verðs. Samningstíminn er sjö ár, fyrst í fimm ár með möguleika á framlengingu tvisvar sinnum um eitt ár í senn

Virðingarfyllt

Berglind Söebech
Fjármála og áhættustýringarsvið
Eignaskrifstofa

Hjálagt: Samanburðarskrá